

Borgarráð

Styrkur vegna náttúruhamfara á Grænlandi

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita landssöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar og Grænlandsvina 4 milljón króna styrk, af kostnaðarstaðnum 09205 - ófyrirséð, vegna náttúruhamfaranna á Grænlandi þann 18. júní sl.

Greinargerð:

Hjálparstofnun kirkjunnar, Kalak -- vinafélag Íslands og Grænlands, og Hrókurinn hafa gengið til samstarfs um landssöfnun vegna hamfaranna á Grænlandi. Markmið söfnunarinnar er að sýna Grænlandingum vinarhug í verki og styrkja þá sem eiga um sárt að binda. Grænenska þjóðin hefur orðið fyrir áfalli og þarf á því að halda að finna vináttu og stuðning. Aðstandendur landssöfnunarinnar vilja m.a. fá sveitarfélög á Íslandi til að leggja sitt af mörkum hafa því óskað eftir stuðningi og frumkvæði Reykjavíkurborgar svo það verði sem flestum sveitarfélögum metnaðarmál að taka þátt í söfnuninni.

Dagur B. Eggertsson